

**Sp.**

**133. Tillaga til þingsályktunar**

um styrk úr ríkissjóði til lendingarbóta á Arnarstapa, Hellum og Bervík á Snæfellsnesi.

Flm.: Bjarni Bjarnason.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði styrk til þess að gera lendingarbætur á Arnarstapa, Hellum og Bervík í Snæfellsnessýslu, allt að helmingi kostnaðar, þó ekki yfir 20000 kr. til hvers staðar.

*G r e i n a r g e r ð .*

Á öllum þeim stöðum, sem nefndir eru í framanritaðri tillögunni, er gott útræði hvað fiskimið snertir. Lending er að ýmsu leyti góð frá náttúrunnar hendi, en lendingarbætur ófullnægjandi, þarf bæði skjólgarða og bátabryggjur, en hvorugt í stórum stíl. Vitamálastjóri hefur látið athuga lendingarbætur á Arnarstapa og Hellum, en lofað að láta einnig athuga lendinguna í Bervík. Öll þessi byggðapláss komast bráðlega í vegasamband, og opnast þá möguleiki fyrir sölu á nýjum fiski til nærliggjandi frystihúsa.

Þar sem ég tel, að vinnuafli verði fyrir hendi á komandi hausti, væri æskilegt, að fyrir lægi heimild frá Alþingi um fjárframlög úr ríkissjóði til framangreindra verka. Þess vegna flyt ég tillögu þessa.